

Rangárþing ytra,
Ágúst Sigurðsson,
Suðurlandsvegi 1,
850 HELLU

Reykjavík 08.06.2017

Efni: Erindi Íbúðalánasjóðs til sveitarstjórnar

Íbúðalánasjóður er um þessar mundir að hafa samband við sveitarfélög með það í huga að bjóða til viðræðna um möguleg kaup þeirra á fasteignum í eigu sjóðsins innan viðkomandi sveitarfélags.

Tilgangur Íbúðalánasjóðs er m.a. að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum. Á stuttum tíma hafa aðstæður á fasteignamarkaði breyst mikið og einkennist markaðurinn af þurrð og að skortur er á eignum bæði til sölu og leigu. Af þessum sökum hefur mörgum sveitarfélögum reynst erfitt að kaupa fasteignir til að uppfylla skyldu sína til að útvega húsnæði fyrir þá sem þess þurfa innan sveitarfélagsins. Íbúðalánasjóður vill af þessum sökum bjóða sveitarfélögunum til viðræðna um þann möguleika að kaupa eignir sjóðsins, áður en þær verða boðnar til sölu á almennum markaði, með það í huga að nýta þær t.d. fyrir félagsleg úrræði sveitarfélaga þar sem það á við. Jafnframt minnum við á að sjóðurinn hefur að bjóða sérstök lánakjör fyrir sveitarfélög vegna kaupa á húsnæði í félagslegum tilgangi.

Í sveitarfélaginu á Íbúðalánasjóður samtals eign/ir og er nýting þetta með eftirfarandi hætti;

Í leigu 3 eign/ir
Í sölu 3 eign/ir
Í skráningu og annað 0 eign/ir

Ef áhugi er fyrir hendi er óskað eftir að haft verði samband við Ágúst Kr. Björnsson eigi síðar en 23. júní nk., að öðrum kosti er fyrirhugað að eignir fari í almenna sölu. Allar frekari upplýsingar veitir Ágúst Kr., sími 5696985 eða agustkr@ils.is.

Bestu kveðjur,



Hermann Jónasson, forstjóri

